

## Yfirlit

### DNA dagar

Árið 2025 var fremur annasamt hjá heilbrigðisnefnd Retrieverdeildarinnar. Nefndin stóð fyrir tveimur DNA dögum á árinu. Sá fyrri fór fram í janúar í sal HRFÍ og sá seinni í maí í Sólheimakoti. Alls voru tekin sýni úr 34 labrador retriever og 15 úr golden retriever. Sýnin voru send til Labogen í Býskalandi og fékk heilbrigðisnefndin afrit af niðurstöðum. Í fyrri sýnatökum var val um XXL próf, þar sem prófað er fyrir öllum mögulegum sjúkdómum, og próf sem sérsniðið er fyrir labrador retriever annars vegar og golden retriever hins vegar. Í seinna skiptið var eingöngu boðið upp á XXL prófið. Alls notuðu 3 labradorar sérsniðið labrador próf og 6 goldenar sérsniðið golden próf. 31 labrador notaði því XXL og 9 goldenar.

Heilbrigðisnefndin mælir með að DNA dagar verði haldnir reglulega þar sem það einfaldar ferlið fyrir marga auk þess sem það er hægt að draga verulega úr kostnaði. Það að öllum niðurstöðum er safnað á einn stað gefur tækifæri á að fá góða heildarmynd af retriever stofnunum hér á landi sem getur komið sér vel ef taka þarf ákvörðun um hvort skylda eigi DNA próf fyrir ákveðnum sjúkdómum fyrir ræktun. Nefndin mælir með að tilboða verði leitað hjá rannsóknastofum sem góð reynsla er af. Nefndin getur ekki mælt með frekara samstarfi við Labogen. Rannsóknastofan notar úreldar aðferðir við að rukka hópa, erfiðlega gekk að fá stofuna til að senda reikninga og þegar það loksins var gert voru reikningarnir með vöxtum, sýni týndust, tölvupóstum var svarað seint og illa og símtölum sömuleiðis.

Nefndin fékk Silju Unnarsdóttur dýralækni til samstarfs og tók hún nær öll sýnin. Fyrir þá sem voru úti á landi voru pinnar sendir til viðkomandi, þeir fengu dýralækni til að taka sýnin og sendu sýnin síðan til nefndarinnar sem síðan sá um að senda öll sýnin til Labogen.

### EIC

Undanfarin ár hefur heilbrigðisnefndin safnað upplýsingum um útbreiðslu EIC (Exercise-induced collapse) stökkbreytingarinnar í íslenska labradorstofninum. Vill nefndin færa þeim sem hafa komið til hennar gögnum bestu þakkir en niðurstöður hafa borist nefndinni frá einstaklingum, HRFÍ og Retrieverdeildinni auk þeirra niðurstaða sem bárust eftir DNA daga nefndarinnar. Lítið sem ekkert var vitað um útbreiðslu stökkbreytingarinnar í íslenska stofninum áður en farið var af stað með þessa söfnun en nú liggja fyrir niðurstöður fyrir 246 hunda sem verður að teljast nokkuð gott úrtak og ætti að gefa ágætar mynd af útbreiðslunni. Niðurstöður fyrir EIC eru teknar saman í sér skjali.

### Heilbrigðisnefndin

Við, Sesselja Guðrún Sigurðardóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir, höfum verið í heilbrigðisnefndinni frá því að hún var stofnuð í mars árið 2022. Við höfum nú ákveðið að það sé tímabært að aðrir fái að láta ljós sitt skína og viljum við því nýta tækifærið og þakka fyrir okkur.


Hér á eftir fara grófar niðurstöður frá DNA dögum nefndarinnar, niðurstöðurnar eru áhugaverðar en verða ekki túlkaðar hér.

## Niðurstöður DNA daga

**Labrador** (XXL + labradorpróf):

Allir 34 labradorar (XXL og labradorpróf) voru prófaðir fyrir EIC, SD2, HNPk og STGD-PRA.


| Sjúkdómur | Prófaðir | Hreinir    | Berar     | Arfhreinir |
|-----------|----------|------------|-----------|------------|
| EIC       | 34       | 26 (76,5%) | 8 (23,5%) | 0          |
| SD2       | 34       | 31 (91,2%) | 2 (5,9%)  | 1 (2,9%)   |
| HNPk      | 34       | 29 (85,3%) | 5 (14,7%) | 0          |
| STGD-PRA  | 34       | 30 (88,2%) | 4 (11,8%) | 0          |



## Labrador (XXL)

31 labrador var prófaður með XXL prófinu, eftirfarandi stökkbreytingar/sjúkdómar komu þar fram.

| Sjúkdómur      | Prófaðir | Hreinir    | Berar      | Arfhreinir |
|----------------|----------|------------|------------|------------|
| CDPA           | 31       | 30 (96,8%) | 1 (3,2%)   | 0          |
| MCD            | 31       | 29 (93,5%) | 2 (6,5%)   | 0          |
| Obesity        | 31       | 22 (71,0%) | 7 (22,6%)  | 2 (6,5%)   |
| CT modifier    | 31       | 14 (45,2%) | 17 (54,8%) | 0          |
| CT risk factor | 31       | 19 (61,3%) | 12 (38,7%) | 0          |



**Golden** (XXL + goldenpróf)

Samtals 15 goldenar voru prófaðir. Ichthyosis var eini sjúkdómurinn sem greindist.

## Ichthyosis

| Sjúkdómur  | Prófaðir | Hreinir   | Berar     | Arhreinir |
|------------|----------|-----------|-----------|-----------|
| Ichthyosis | 15       | 4 (26,7%) | 9 (60,0%) | 2 (13,3%) |

